

Ársskýrsla 2016

©Magnús Traustason

Rekstrarreikningur 2016

Í þús. króna

	2016	2015
Iðgjöld ársins	2.645.254	2.498.681
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(486.126)	(338.376)
	Eigin iðgjöld	
	<u>2.159.128</u>	<u>2.160.305</u>
Fjármunatekjur	15.845	1.734.779
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	(3.169)	(344.410)
	Fjárfestingatekjur	
	<u>12.676</u>	<u>1.390.369</u>
Heildartekjur	<u>2.171.804</u>	<u>3.550.674</u>
Tjónakostnaður	(259.760)	(110.695)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	(32.552)	44.788
Breyting á tjónaskuld	264.710	(236.010)
	Eigin tjón	
	<u>(27.602)</u>	<u>(301.917)</u>
Rekstrarkostnaður og umboðslaun	(454.867)	(437.359)
	Heildargjöld	
	<u>(482.469)</u>	<u>(739.276)</u>
	Heildarhagnaður ársins	
	<u>1.689.335</u>	<u>2.811.398</u>


Efnahagsreikningur 31. des. 2016

Í þús. króna

	2016	2015
Eignir		
Rekstrarfjármunir	6.643	2.949
Eignasafn í fjárvörslu	29.394.589	28.423.059
Endurtryggingaeignir	192.616	232.903
Viðskiptakröfur	493.362	484.881
Aðrar kröfur	4.496	0
Handbært fé	2.422.836	2.136.116
Eignir samtals	32.514.542	31.279.908
Eigið fé		
Varasjóður	4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé	26.927.793	25.238.458
Eigið fé samtals	31.197.928	29.508.593
Skuldir		
Vátryggingaskuld	1.012.707	1.215.501
Skattsskuldbinding	270.382	518.426
Viðskiptaskuldir	20.477	24.187
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur	13.048	13.201
Skuldir samtals	1.316.614	1.771.315
Eigið fé og skuldir samtals	32.514.542	31.279.908

Virði váttryggðra eigna

Í árslok 2016 nam verðmæti váttryggðra húseigna, lausafjár og mannvirkja hjá Viðlagatryggingu Íslands **samtals 11.216** milljörðum króna. Þar af eru fasteignir um 8.015 milljarðar, innbú og lausafé um 2.413 milljarðar og veitur og önnur mannvirki um 789 milljarðar. **Aukning verðmæta** á milli árunna 2016 og 2017 var um **6% samanborið við 4,7%** aukningu á milli árunna á undan.




Skipting váttryggðra eigna

Váttryggðar eignir 2016

Árleg iðgjöld af váttryggðum fasteignum og lausafé er 0,25‰ af váttryggingarfjárhæð. Váttryggingafélög annast innheimtu iðgjalda af fasteignum og váttryggðu lausafé, samhliða innheimtu iðgjalda fyrir bruna-tryggingar.

Árleg iðgjöld af váttryggðum opinberum mannvirkjum er 0,20‰ af váttryggingarfjárhæð. Viðlagatrygging Íslands annast álagningu og innheimtu iðgjalda vegna opinberra mannvirkja. Hér má sjá hvernig váttryggingaverðmæti skiptast á milli fasteigna, lausafjár og opinberra mannvirkja.



* í milljörðum ISK

■ Fasteignir ■ Lausafé ■ Opinber mannvirki

Tjónamál á árinu 2016

Aðeins einn tjónsatburður varð á árinu 2016 sem fellur undir váttryggingavernd VTÍ. Hann varð 13. mars 2016 þegar **aurflóð féll í Bíldudal** og smávægilegt tjón varð á þremur váttryggðum eignum samtals að fjárhæð ríflega 4 milljónir króna.

Alls bárust **91 tilkynning** um tjón á árinu 2016, þar af 66 vegna vatns- og aurflóðs sem varð á Austfjörðum rétt fyrir áramótin 2015/2016. Þrjár tilkynningar bárust vegna aurflóðsins á Bíldudal í mars 2016 og 12 tilkynningar bárust um viðbótartjón vegna Suðurlandsskjálftans árið 2008. Tíu tilkynningar bárust vegna ýmissa óváttryggðra atburða.


Afgreiðslu allra mála sem tilkynnt voru á árinu 2016 og fyrr er lokið að frátöldum þremur málum sem enn eru til meðferðar.

Auk þess eru **tvö úrskurðarmál** til meðferðar hjá stjórn frá árinu 2016, en stjórn úrskurðaði í þremur málum á árinu. Úrskurðarnefnd **hefur úrskurðað í öllum málum sem henni bárust á árinu 2016 og fyrr.** Nefndin úrskurðaði í 10 málum á árinu 2016 og þremur málum það sem af er árinu 2017. Elstu úrskurðarnefndarmálin voru frá árinu 2013. Tvö ný úrskurðarnefndarmál hafa borist nefndinni á árinu 2017.

Opinber mannvirki og heimsóknir til sveitarfélaga

Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja fasteignir og brunatryggt innbú/lausafé. Einnig er **skylt að viðlagatryggja mannvirki, s.s. brýr, hafnir, skíðalyftur og ýmis veitumannvirki í opinberri eigu** þótt þau séu ekki brunatryggð. Váttryggingafjárhæðir mannvirkja í eigu opinberra aðila skulu byggja á **enduröflunarverði** (endurstofnverði) mannvirkisins og skulu eigendur þeirra senda VTÍ upplýsingar um ný mannvirki og breytingar á eldri mannvirkjum.

Sveitarfélögin þurfa að meta enduröflunarverð sérstaklega fyrir VTÍ þar sem það er ekki notað í öðrum tilgangi. Átak var gert að frumkvæði VTÍ til að afla þessara upplýsinga nokkru fyrir aldamót og aðstoðaði VTÍ þá opinbera aðila við að leggja mat á enduröflunarverð á þeim tíma. Síðan þá hafa fjárhæðir verið framreiknaðar miðað við vísitölu, en illa hefur gengið að fá upplýsingar um viðbætur og nýbyggingar. Það var því tímabært að gera átak í þessum efnunum. Síðla árs 2016 hófst átaksverkefni sjá stofnuninni sem fólst í því að **60 fundir** voru haldnir með ábyrgðaraðilum opinberra mannvirkja í váttryggingu hjá VTÍ. Öllum sveitarfélögum var boðið upp á fundi og á fáeinum stöðum var fundað sameiginlega með tveimur til þremur sveitarfélögum.



Fundarstaðir voru 60 með fulltrúum ríflega 70 opinberra aðila

Fundirnir voru eins konar fræðslufundir um starfsemi og hlutverk VTÍ. Í ljós kom að nokkuð var um að mannvirki væru undirtryggð og í einstaka tilvikum voru mannvirki utan tryggingar. Í framhaldi af fundunum var gerð breyting á um **50 váttryggingaskírteinum**.


Í **sjö tilvikum** hækkaði enduröflunarverð um **meira en 100%**. Samtals hækkaði enduröflunarverð opinberra mannvirkja í váttryggingu um **17 milljarða**. Það er því ljóst að full þörf var á aðgerðum til að tryggja að sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar séu með lögbundna váttryggingavernd þegar á reynir.

Endurtryggingavernd vegna stórra tjónsatburða

Endurtryggingasamningar VTÍ eru þannig gerðir fyrir árið 2017 að 25 erlend endurtryggingafélög eiga aðild að tveimur samningum. Hlutdeild þeirra í samningunum er á bilinu 0,5-25%. Iðgjöld og tjónabætur skiptast í samræmi við aðild að samningnum. Annar samningurinn er fyrir tjón á bilinu 10-25 milljarða og hinn fyrir tjón yfir 25 milljörðum, allt að 40 milljörðum.

Myndin hér til hliðar sýnir áætlaðan meðal endurkomutíma tjóna í árum. Eigin áhætta hefur verið 10 milljarðar frá árinu 2011, en ef hún hefði fylgt verðmæti váttryggðra eigna væri hún ríflega 12 milljarðar. Í samningum fyrir árin 2016 og 2017 varð sú breyting frá fyrri samningum að öll tjón innan ársins, óháð tegundum safnast upp í eigin áhættu. Áður þurfti einn einstakan atburð til að telja upp í eigin áhættu áður en endurtryggingaverndin tæki við. Þessi breyting bætti til muna stöðu VTÍ, ef að til þess kemur að margir atburðir verða sama árið. Eldgos sem myndi kosta sex milljarða og jarðskjálfti sem myndi kosta 13 milljarða hefðu áður kostað Viðlagatryggingu Íslands 16 milljarða og endurtryggjendur þrjá milljarða. Núverandi endurtryggingavernd er þannig að VTÍ myndi bera 10 milljarða og endurtryggjendur níu milljarða.

Líkur og umfang jarðskjálftatjóna 2016



Það er talsvert mikil óvissa í áhættuútreikningum sem þessum, en í grófum dráttum má segja að búast megi við stærri en 10 milljarða atburði, af völdum jarðskjálfta, að meðaltali á 70-80 ára fresti, stærri en 25 milljarða á um 230 ára fresti og stærri en 40 milljarða á um 340 ára fresti.

Skv. 18. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands er bótaábyrgð í einstökum atburði takmörkuð við 1% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum. Það jafngildir um 112 milljörðum króna miðað við váttryggingarfjárhæðir í gildi í árslok 2016.

Stjórnarháttayfirlýsing 2017

Eftirfarandi er stjórnarháttayfirlýsing sem gerð var í tengslum við ársreikning vegna ársins 2016 og birt er á heimasíðu Viðlagatryggingar Íslands sem hluti af ársreikningi.

Viðlagatrygging

Viðlagatrygging Íslands (VTÍ) starfar skv. sérlögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands og reglugerð nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands með áorðnum breytingum. Starfsstöð VTÍ er í Hlíðasmára 14, Kópavogi.

Viðlagatrygging er lögbundin náttúru-hamfaratrygging sem bætir beint tjón á tryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Viðlagatrygging fylgir brunatryggingu húseigna sem er lögbundin skyldutrygging. Sé lausafé tryggt gegn bruna hvort heldur með sérstakri lausafjártryggingu eða samsettri lausafjártryggingu, er innifelur bætur af völdum eldsvoða og flokkast undir eignatryggingar, þá fylgir viðlagatrygging slíkri váttryggingu. Váttryggingaupphæð viðlagatryggingar eru sú sama og viðkomandi brunatryggingar en tryggingarskilmálar eru aðrir.

Einnig er skylt að viðlagatryggja mannvirki, s.s. brýr, hafnir, skíðalyftur og ýmis veitumannvirki í opinberri eigu þótt þau séu ekki brunatryggð. Þegar mannvirki eru viðlagatryggð hjá VTÍ er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga. Váttryggja má mannvirkin annars staðar en hjá VTÍ.

Ágreiningi um hvort bótaskyld tjón hafi orðið eða um fjárhæð váttryggingarbóta má skjóta til úrskurðar stjórnar VTÍ. Vilji tjónþoli ekki sætta sig við úrskurð stjórnar getur hann skotið ágreiningnum til sérskipaðrar úrskurðarnefndar.

VTÍ starfar á sviði skaðatrygginga samkvæmt lögum nr. 55/1992 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Samkvæmt útgefnum ársreikningi voru iðgjöld ársins 2016 í árslok kr. 2.645.254.000.

VTÍ fylgir reglum laga um váttryggingastarfsemi fyrir stjórnkerfi starfseminnar. Starfsreglur stjórnar voru samþykktar í stjórn þann 14. mars 2017 og eru þær aðgengilegar á vef Viðlagatryggingar Íslands. Stuðst er við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins útgefnum í maí 2015 við ritun stjórnarháttayfirlýsingar þessarar. Einnig tekur starfsemin mið af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins (FME) um stjórnarhætti váttryggingafélaga nr. 5/2015, en VTÍ er undanþegin Solvency II og því eiga tilmælin ekki við um VTÍ.

Frávik frá leiðbeiningum

Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins taka mið af lögum um hlutafélög og því eiga þau ekki við um starfsemi VTÍ. Engu að síður eru þær hafðar til hliðsjónar. Mælt er til þess að tiltaka öll frávik frá leiðbeiningunum, en í tilviki VTÍ er eðlilegra að telja upp við hvaða ákvæði leiðbeininganna er stuðst.

Önnur ákvæði eiga ekki við í starfsemi VTÍ.

- 1. kafli. Við undirbúning og framkvæmd ársfundar VTÍ eru leiðbeiningarnar hafðar til hliðsjónar.
- 2. kafli. Leiðbeiningarnar eru hafðar til hliðsjónar varðandi óhæði stjórnarmanna gagnvart VTÍ og daglegum stjórnanda þess, starfsreglum stjórnar, árangursmati, áhættustjórnun, innra eftirliti og fundargerða stjórnar.
- 3. kafli. Ákvæðin eru höfð til hliðsjónar við gerð starfsreglna fyrir stjórn.
- 4. kafli. Ákvæðin eru höfð til hliðsjónar við skilgreiningu á hlutverki framkvæmdastjóra sem er hluti af starfsreglum stjórnar.
- 5. kafli. Engar undirnefndir stjórnar eru starfandi í VTÍ fyrir utan endurskoðunarnefnd sem er lögbundin og starfar samkvæmt þeim ákvæðum sem um hana gilda.
- 6. kafli. Við gerð stjórnarháttaryfirlýsingar fyrir VTÍ er einkum höfð hliðsjón af þessum kafla og leitast við að gera yfirlýsinguna þannig úr garði að hún taki mið af þeim atriðum sem koma fram í kaflanum. Þannig verður birt yfirlýsing um stjórnarhætti VTÍ fyrir nýliðið starfsár í ársskýrslu og verður hún aðgengileg á heimasíðu VTÍ. Einnig mun sérstakur hluti vefsíðu VTÍ verða tileiknaður góðum stjórnarháttum þar sem birtar verða allar helstu upplýsingar á einum stað um starfsemi félagsins.

Fyrirkomulag samskipta ráðuneytis og stjórnar

VTÍ sendir ráðuneytinu ársreikning og ársskýrslu VTÍ árlega í beinu framhaldi af ársfundi. Önnur samskipti eru í tengslum við lög og reglur sem um VTÍ gilda og úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingu Íslands. Framkvæmdastjóri leggur áherslu á að upplýsa fagráðuneyti um öll mál sem geta talist mikilvæg og/eða þarf að hafa í huga varðandi starfsumhverfi VTÍ.

Brot á lögum og reglum

VTÍ hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingafélög eða löggjöf um bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

Innra eftirlit og áhættustýring

VTÍ lýtur eftirliti FME og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta VTÍ í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Samkvæmt tilmælunum skal váttryggingafélag tryggja viðeigandi umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og skal hún ávallt vera grunnþáttur í starfseminni. VTÍ hefur sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð samhæfðrar áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í leiðbeinandi tilmælum FME nr. 3/2014 og stýringu þeirra.

Stjórnkerfi og skipulag VTÍ er skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn VTÍ miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu VTÍ og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur VTÍ og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega. Gæðafulltrúi kynnir niðurstöðu gæða- og öryggismála, innri úttekta og stöðu úrbótaverkefna í kjölfar innri endurskoðunar og annarra úttekta fyrir stjórn árlega.

VTÍ leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Mánaðarleg skýrslugjöf er varðar eignastýringarsafn er mikilvægur þáttur hjá stjórn VTÍ. Ítarleg skýrslugjöf um safnið er gerð ársfjórðungslega og árlega er gert eigið áhættu- og gjaldþolsmat. Árleg skýrsla um áhættustýringu og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og auðvelda VTÍ að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjóri fundar að jafnaði nokkrum sinnum á ári með fjárstýringaraðilum, um hvernig stýringu og eftirliti er háttað og metur hvort það sé fullnægjandi.

Tjónaskuld og endurtryggingavernd VTÍ eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir stofnunarinnar og skuldbindingar hennar. Gæðastjórnunarkerfi VTÍ hlaut fyrst ISO 9001 vottun í júní 2013.

Samningur var gerður á grundvelli útboðs með milligöngu ríkisendurskoðunar um endurskoðun ársreiknings VTÍ til fimm ára fyrir tímabilið 2013-2017 við Endurskoðendabjónustuna ehf. Samningur var gerður við Deloitte á Íslandi um innri endurskoðun fyrir árin 2011-2013 og 2014-2016.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Frá árinu 2010 hefur verið unnið að stöðugum framförum í starfsemi Viðlagatryggingar Íslands. Á fundi stjórnar og starfsfólks sem haldinn var á árinu 2013 voru unnar siðareglur fyrir VTÍ sem ætlað er að vera nokkurs konar vegvísir fyrir þá sem starfa í þágu VTÍ.

Siðareglurnar eru leiðarljós stjórnar og starfsmanna um þá siðferðislegu ábyrgð sem allir hlutaðeigandi hafa sammælt um að fylgja í orði og verki. Reglurnar byggja á gildum sem skulu vera ráðandi í öllum ákvörðun VTÍ, þær eru sanngirni, áreiðanleiki, samvinna og frumkvæði.

Stjórnin hefur sett fram framtíðarsýn í einstökum málaflokkum í viðkomandi stefnuskjölum sem eru hluti af gæðakerfi VTÍ og eru á heimasíðu VTÍ. Stefnuskjölin innifela markmið og leiðir með stefnum þar sem sett eru fram tímasett áfangamarkmið.

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Starfsreglur stjórnar voru fyrst samþykktar 8. febrúar 2011. Þær eru endurskoðaðar reglulega og var 6. útgáfa þeirra endurskoðuð 14. mars 2017. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra, fyrirsvar stjórnar stofnunarinnar, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir og ákvörðunarvald stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi VTÍ sé í samræmi við lög og reglur og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna VTÍ. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni VTÍ og stuðlar að því að markmið VTÍ náist.

Áhættustýringarstefna VTÍ var útgefin í 4. útgáfu, 18. desember 2015 og byggir hún á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum.

Upplýsingaöryggisstefna VTÍ var útgefin í 4. útgáfu, 15. janúar 2016 og byggir hún á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

Ekki er í gildi sérstök stefna VTÍ varðandi samfélagslega ábyrgð en í skipulagi og umgjörð starfseminnar eru í gildi reglur sem ætlað er að tryggja rekstrarsamfellu og samfélagslegt öryggi þegar til náttúruhamfara kemur.

Birtist þetta m.a. í reglum um fjárfestingarstarfsemi, fjárfestingarstefnu og viðbragðsáætlun VTÍ.

Stjórn hefur ekki sett sér stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn. Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Samkvæmt lögum nr. 55/1992 um VTÍ skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, og ráðherra skipar einn og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Stjórn gengur út frá því að þeir sem skipa í stjórnina fari eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Stjórn heldur sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru framkvæmdastjóra VTÍ. Mat stjórnar á eigin störfum fór síðast fram í september 2016 samkvæmt starfsreglum stjórnar og taldi stjórn sig hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og starfsreglum og að starf hennar hefði skilað tilætluðum árangri. Árlega skilar endurskoðunarnefnd skýrslu til stjórnar um störf sín og leggur mat á eigin störf skv. góðum starfsháttum endurskoðunarnefnda.

Lög og reglugerð um VTÍ, starfsreglur stjórnar VTÍ, erindisbréf endurskoðunarnefndar og síðareglur VTÍ eru aðgengilegar ásamt fleiri stefnu- og gæðaskjölum VTÍ á www.vidlagatrygging.is.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands

Frá 30. júní 2015 – 29. júní 2019

Stjórn VTÍ er skipuð fimm mönnum. Þrír eru kosnir af Alþingi. Vátryggingafélag er innheimta iðgjöld (SFF) velja einn stjórnarmann en efnahags- og viðskiptaráðherra skipar formann. Stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa: Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, Adolf Guðmundsson, Lína Björg Tryggvadóttir, Vigdís Halldórsdóttir og Ragnar Þorgeirsson.

Varamenn í stjórn eru Erna Jónsdóttir, Steinar Harðarsson, Kristín Hálfánardóttir, Bjarney Rut Jensdóttir og Jóna Björk Guðnadóttir.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands telur að ákvæðum leiðbeininga **um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt**. Stjórnarmenn eru allir óháðir stofnuninni og daglegum stjórnanda hennar. Stjórn Viðlagatryggingar Íslands fundaði 10 sinnum á árinu 2016.



Sigurður Kári Kristjánsson, fæddur 9. maí 1973 til heimilis í Reykjavík. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Viðlagatryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra. Sigurður Kári lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1998. Sigurður Kári var lögmaður á lögmannsstofunni Lex frá árinu 1998 til 2003, en það ár var hann kjörinn til setu á Alþingi sem þingmaður Reykvíkinga. Frá árinu 2011 hefur Sigurður Kári verið sjálfstætt starfandi lögmaður og rekið lögmannsstofuna Lögmenn Lækjargötu í félagi við aðra. Sigurður Kári hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og nefndum á vegum stjórnvalda.

Aðalmenn í stjórn



Adolf Guðmundsson, fæddur 19. maí 1954, til heimilis á Seyðisfirði. Adolf hefur verið skipaður í stjórn Viðlagatryggingar Íslands af Alþingi frá árinu 2007. Adolf lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1982, en öðlaðist héraðsdómsréttindi árið 1999. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Gullbergs ehf. á Seyðisfirði undanfarin 34 ár en er nú rekstrarstjóri frystihúss Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Adolf er stjórnarformaður Brimbergs ehf. á Seyðisfirði og stjórnarformaður Hótel Selfoss, auk þess sem hann sinnir ýmsum öðrum trúnaðarstörfum. Adolf sat í bæjarstjórn Seyðisfjarðar í 12 ár og er nú varabæjarfulltrúi á Seyðisfirði. Adolf hefur setið í hafnarstjórn frá árinu 1998 og nokkrum öðrum nefndum á vegum Seyðisfjarðarkaupstaðar. Adolf var formaður LÍÚ í sex ár auk þess sem hann hefur setið í stjórnnum á vegum LÍÚ og samtökum fiskvinnslustöðva.



Ragnar Þorgeirsson, fæddur 23. janúar 1966, til heimilis í Reykjavík. Ragnar var skipaður í stjórn Viðlagatryggingar af Alþingi árið 2015, auk þess sem hann er fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd. Ragnar lauk B.A. prófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskólanum í Álaborg í Danmörku 1997 og meistarágráðu í alþjóðaviðskiptum, með áherslu á „Private-Public-Partnership“, frá sama skóla árið 2000. Ragnar er rekstrarstjóri hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Ambassador ehf. Ragnar var stjórnarmaður, formaður endurskoðunarnefndar og síðar sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis ses. og útibússtjóri á Þórshöfn eftir sameiningu sparisjóða (2011-2015). Ragnar var framkvæmdastjóri rekstrar hjá endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækinu PricewaterhouseCoopers ehf. (2005-2011). Einnig hefur hann sinnt lengri og skemmri viðskiptaþróunarverkefnum fyrir ýmis fyrirtæki og stýrt verkefnum á sviði rafrænna viðskipta- og stjórnsýslu á samstarfsvettvangi fyrirtækja og stofnanna.

Aðalmenn í stjórn

Lína Björg Tryggvadóttir, fædd 17. júní 1971 til heimilis í Ísafjarðarbæ. Lína Björg var skipuð í stjórn Viðlagatryggingar Íslands af Alþingi árið 2011 og er jafnframt varaformaður stjórnar. Lína Björg lauk B.S. prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2006 með áherslu á viðskiptalögfræði og stjórnun. Lína Björg vinnur sem verkefnastjóri við Byggðaþróunardeild Fjórðungssambands Vestfirðinga og hefur þar yfirlit með ýmsum verkefnum er lúta að uppbyggingu sveitarfélaganna nú. Hún var áður útibússtjóri Mótus á Ísafirði (2006-2013) og þar áður innkaupastjóri í húsgangnadeild Pennans í Hallarmúla. Hún situr í skipulagsnefnd fyrir meirihluta í Ísafjarðarbæ og var áður varaformaður umhverfisnefndar. Hún sat einnig í bæjarstjórn Ísafjarðar í fjögur ár. Einnig hefur hún unnið að viðskipta- og uppbyggingarverkefnum bæði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordregio) og með öðrum sveitarfélögum á Íslandi.



Vigdís Halldórsdóttir, fædd 9. febrúar 1986, til heimilis í Garðabæ. Vigdís var skipuð í varastjórn árið 2011 eftir tilnefningu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) og í aðalstjórn árið 2015. Vigdís lauk meistaraþráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2010. Hún starfar sem lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja og hefur verið hjá samtökunum frá árinu 2010. Helsta ábyrgðarsvið Vigdísar hjá samtökunum hefur verið á váttryggingasviði en einnig hefur hún gengt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir hönd samtakanna og situr einnig í stjórn Þjóðskrár Ísland. Hún starfaði áður m.a. hjá Váttryggingafélagi Íslands, kom að stofnun sprotafyrirtækisins Kolka- kolefnsviðskipti og ráðgjöf auk þess sem hún starfaði sem sjálfbóðaliði fyrir Rauða Krossinn við réttindagæslu fyrir hælisleitendur.



Varamenn í stjórn



Erna Jónsdóttir, fædd 4. janúar 1976, til heimilis í Reykjavík. Hún er varamaður Sigurðar Kára Kristjánssonar. Hún hefur verið í varastjórn frá árinu 2011. Erna lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2008 og hefur starfað sem lögfræðingur á skrifstofu sjávarútvegs- og fiskeldis, í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu frá árinu 2014. Áður var hún á skrifstofu fjármálamarkaðar í sama ráðuneyti frá árinu 2011. Veturinn 2010-2011 stundaði Erna Evrópuréttarnám við kaþólska háskólann í Leuven. Erna starfaði sem lögfræðingur á skrifstofu innri markaðs hjá Eftirlitsstofnun EFTA frá september 2007 fram til september 2010.



Kristín Hálfhálsdóttir, fædd 19. júlí 1956 í Bolungarvík, til heimilis á Ísafirði. Hún er varamaður Adolfs Guðmundssonar frá árinu 2016. Kristín er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri. Hún starfaði sem rekstrarstjóri Samskipa á Vestfjörðum á árunum 2000-2016, en í dag er hún skrifstofustjóri fiskeldisfyrirtækisins Arctic Fish ehf á Ísafirði. Hún er bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og situr einnig í umhverfisnefnd bæjarins. Hún hefur setið í stjórn eignarhaldsfélagsins Hvetjanda og í stjórn tölvufyrirtækis Snerpu ehf á Ísafirði.



Bjarney Rut Jensdóttir, fædd 4. nóvember 1976, til heimilis í Reykjanesbæ. Hún er varamaður Ragnars Þorgeirssonar frá árinu 2016. Bjarney lauk ML prófi frá Háskólanum á Bifröst í september 2011. Bjarney starfar sem vaktstjóri hjá Airport Associates á Keflavíkurflugvelli og hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum og er ma. sitjandi formaður vinnumarkaðsráðs Suðurnesja, gjaldkeri Landssambands Framsóknarkvenna og situr í öryggistrúnaðarnefnd Airport Associates.

Varamenn í stjórn



Jóna Björk Guðnadóttir, fædd 31. mars 1967 til heimilis í Reykjavík. Hún er varamaður Vigdísar Halldórsdóttur frá árinu 2016. Jóna Björk lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og hefur starfað sem lögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja frá 2008. Hún starfaði frá árinu 2006-2008 sem regluvörður Sparisjóðabanka Íslands. Frá 2001-2005 starfaði hún sem deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, frá 1999 – 2000 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Starfrækslunefndar gagnagrunns á heilbrigðisviði. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi sýslumannsins í Keflavík. Jóna Björk er varamaður í endurkröfunefnd skv. 96. gr. umferðarlaga frá september 2015, er varamaður í stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá mars 2012, situr í laganefnd European Banking Federation (EBF) frá apríl 2008 og situr í fastanefnd fjármálaráðuneytis um innlent regluverk á sviði verðbréfavíðskipta og verðbréfasjóða frá 2014.



Steinar Harðarson, fæddur 8. apríl 1944, til heimilis í Reykjavík. Hann er varamaður Línu Bjargar Tryggvadóttur. Steinar lauk sveinsprófi í bifreiðasmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1964. Hann er véltæknifræðingur frá Polhems Tekniska skola, Gautaborg 1977. Hann starfaði sem svæðisstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins á árunum 1999-2014 og var forstöðumaður framkvæmdasviðs Þórshafnarhrepps 1993-1999. Hefur tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum fyrir Vinnueftirlitið og setið í starfshópum á vegum þess. Steinar hefur setið í vinnuhópum um gerð reglugerða á vinnuverndarsviði Félagsmálaráðuneytisins. Steinar hefur viðurkenningu Vinnueftirlitsins sem þjónustuaðili í vinnuvernd og starfar nú sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvarnir ehf.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. er kveðið á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd VTÍ er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Hún skal tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga stofnunarinnar og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd skipa, Sigurður Þórðarson, formaður, auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Daníelsdóttir og Ragnar Þorgeirsson sem er einnig stjórnarmaður.

Yfirlit um starfsreynslu og bakgrunn **Ragnars Þorgeirssonar** er að finna undir umfjöllun um stjórn VTÍ en hann tók sæti í endurskoðunarnefnd árið 2015.

Endurskoðunarnefnd fundar mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir, fyrir utan tvo mánuði yfir sumartímann. Nefndin átti 10 fundi árið 2016 og voru allir fundir fullskipaðir nefndarmönnum. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var skoðun á reikningsskilum og birtingu upplýsinga, áhættustjórnun og innra eftirlit, fylgni við lög og reglur og eftirlit með innri og ytri endurskoðun.



Sigurður Þórðarson, fæddur 9. desember 1941, til heimilis í Hafnarfirði, fyrrverandi ríkisendurskoðandi. Hann hefur verið **formaður endurskoðunarnefndar** VTÍ frá árinu 2011. Hann var skipaður ríkisendurskoðandi 1992 og gengdi því starfi til 2008. Sigurður varð löggildur endurskoðandi árið 1982. Hóf störf í Ríkisendurskoðun 1973 til ársins 1982 er hann hóf störf í fjármálaráðuneytinu og starfaði þar til hann var skipaður vararíkisendurskoðandi árið 1987. Hann hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og nefndum á vegum hins opinbera og Hafnarfjarðarbæjar. Frá því að hann lét af störfum sem ríkisendurskoðandi hefur hann verið formaður nokkurra endurskoðunarnefnda hjá stofnunum hins opinbera, lífeyrissjóða og fyrirtækja. Þá hefur hann setið í Endurskoðunarráði Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins í París í 3 ár og Evrópuráðsins í Strasbourg í 6 ár. Kjörinn endurskoðandi EUROASI 2002 (Samtaka ríkisendurskoðenda í Evrópu) í 4 ár og er nú formaður Endurskoðunarnefndar Norræna fjárfestingarbankans í Helsinki.

Auður Daníelsdóttir, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár. Hún hefur setið í endurskoðunarnefnd VTÍ frá árinu 2014. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvæðanir, tjónaskoðun og áætlun á tjónaskuld. Undir tjónasvið falla einnig lögfræðisþjónusta. Auður er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997, og lauk diplómanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands 2002 og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona 2008. Hún hefur verið framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007 en var áður starfsmannastjóri frá 2002. Auður starfaði sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf. 1998-2002, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. 1997-1998 og flugfreyja hjá Flugleiðum hf. 1991-1997.



Fjárvarsla og eignastýring

Mikil áhersla er lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu VTÍ. Samningar eru við Arion banka, Íslandssjóði, Íslensk verðbréf og Virðingu um eignastýringu. Eignir eru bæði í innlendum og erlendum eignum og megináhersla lögð á áhættulitlar fjárfestingar þar sem öryggi er haft að leiðarljósi umfram ávöxtun eigna. Analytica hefur eftirlit með eignastýrendum og tekur saman mánaðarleg yfirlit um stöðu safnsins og fylgni við fjárfestingastefnu. Stjórn fær mánaðarlega samantekt um stöðu eignasafnsins til kynningar. Ársþriðjungslega er gerð ítarleg greiningarskýrsla og samanburður á **frammistöðu eignastýrenda** sem lögð er fyrir stjórn til umfjöllunar. Við vinnslu fjárfestingastefnu liggur ársframmistaða eignastýringarsafns fyrir til skoðunar og mats á þeim kostum sem stefnan er byggð á.

Endurtryggingar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að **draga úr áhættu stofnunarinnar**. Stofnunin hefur keypt erlendar endurtryggingar fyrir árið 2017 sem byggja á tveimur samningum. Samningur nr. 1 hefur tvenns konar virkni. Annars vegar fyrir stakan atburð, allt að 25 milljörðum króna, með eigin áhættu að fjárhæð 10 milljörðum kr. Hins vegar er um að ræða uppsöfnunarákvæði í samningnum, þar sem nokkrir atburðir af ólíkum tegundum geta talið upp í 10 milljarða kr. eigin áhættu, hámark 25 milljarða króna. Samningur nr. 2 veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggiendur greiða allt að 15 milljörðum króna umfram það 25 milljarða tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð. Að jafnaði eru í kringum 25 endurtryggiendur á samningum VTÍ um endurtryggingarvernd vegna áhættu í stóratburðum. Frá árinu 2014 hefur **Aon Benfield séð um miðlun endurtrygginga**. Endurnýjun endurtryggingasamninga fer fram í lok hvers árs fyrir komandi almanaksár.

Framkvæmdastjóri



Framkvæmdastjóri VTÍ er **Hulda Ragnheiður Árnadóttir**, fædd 24. september 1971. Hulda hefur verið framkvæmdastjóri VTÍ frá árinu 2010. Hulda Ragnheiður lauk meistaragráðu í bankastjórnun, fjármálum og alþjóðaviðskiptum árið 2008. Hún lauk B.Sc. í viðskiptafræði árið 2004 og Diploma í opinberri stjórnsýslu og stjórnun árið 2001. Hulda hefur einnig Diploma í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Hulda starfaði áður við innri endurskoðun í Kaupþingi/Arion banka, tímabundið í afleysingum sem bæjarstjóri Blönduóssbæjar og framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Húsavíkurbæjar (nú Norðurþings). Áður hafði Hulda starfað bæði sem bóndi og kjólameistari, en hún útskrifaðist með sveinspróf í kjólasaum frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1991.

Gæðaskjöl um skipulag VTÍ má finna á heimasíðunni, www.vidlagatrygging.is

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn og framkvæmdastjóra VTÍ eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti stofnunarinnar til viðskiptavina, eftirlitsaðila, eiganda og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Viðlagatryggingar Íslands
14. mars 2017

Viðlagatrygging Íslands • Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogi
Sími +354 575 3300 • vidlagatrygging.is
